

- 10.3 Eftirlit með tölvukerfi Íslenskrar getspár skal vera í höndum endurskoðunarskrifstofu sem ráðuneytið samþykkir.
- 10.4 Kostnað við almennt eftirlit með getraunastarfseminni, eftirlit með útdrætti vinninga og meðferð kæra greiðist af Íslenskri getspá samkvæmt úrskurði dómsmálaráðuneytisins.

11. Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir, nr. 26, 2. maí 1986, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð nr. 410, 16. ágúst 1988 ásamt síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. febrúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

1. mars 1993

Nr. 87

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, er taki gildi 1. mars 1993:

Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 483, 10. október 1991:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 3,6%.

Iðnaðarráðuneytið, 1. mars 1993.

F. h. r.

Baldur Pétursson.

Steinunn Bjarmann.